

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breytingar á deiliskipulagi Hagahverfis.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 6. febrúar 2018 samþykkt tvær deiliskipulagsbreytingar fyrir Hagahverfi:

*Kjarnagata 51.*

Breytingin nær til lóðar nr. 51 við Kjarnagötu og felur m.a. í sér að stærðir lóðahluta breytast, byggingarmagn fyrir bílakjallara og sérafnotahluta eykst, innkeyrsla í bílakjallara verður á einum stað í stað tveggja og færist til, stigahús og svalagangar mega fara 0,6 m út fyrir byggingarreit.

*Margrétarhagi 2.*

Breytingin nær til lóðar nr. 2 við Margrétarhaga. Í stað tveggja hæða raðhúss er gert ráð fyrir 6 íbúða fjölbýlishúsi. Byggingarreitur stækkar til suðurs og nýtingarhlutfall eykst úr 0,48 í 0,50.

Deiliskipulagstillögurnar hafa hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 9. febrúar 2018,*

**Anna Bragadóttir**, verkefnastjóri skipulagsmála.